

## Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 28.maí 2009 - Fundargerð -

Fundurinn var haldinn á Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit fimmtudaginn 28 maí 2009 og hófst klukkan 14:00. Á fundinn mættu 69 fulltrúar aðildarfélaga, 5 fulltrúar atvinnureknda með full réttindi á fundinum og 7 almennir sjóðfélagar og gestir. Formaður stjórnar, Sigrún Björk Jakobsdóttir, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Ásgerði Pálsdóttur sem fundarstjóra og Guðmund Baldvin Guðmundsson sem fundarritara og var tillaga hennar sampykkt. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdu um fundarboðun. Ekki komu fram athugasemdir og var fundurinn úrskurðaður lögmætur.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna
4. Breytingar á sampykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál

### Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar, Sigrún Björk, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2008. Þar kom fram eftirfarandi:

Árið 2008 fer væntanlega í sögubækurnar sem annus horriblis - eða árið hræðilega - í efnahagssögu Íslands. Árið var í senn erfitt, viðburðaríkt og fordæmalaust í mörgu tilliti. Þær efnahagshamfarir sem gengu yfir heiminn almennt og Ísland alveg sérstaklega, með bankahruni og fjármálkreppu, höfðu mikil áhrif á alla starfsemi og afkomu sjóðsins. Hrun íslensku bankanna og fall krónunnar með tilheyrandí verðbólgskoti og erfiðleikum fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili gerði það að verkum að mikil óvissa skapaðist um verðmæti eigna og afkoma sjóðsins var lakari en dæmi eru um óður.

Ávöxtun sjóðsins gekk raunar bærilega framan af ári en fall bankanna í byrjun október hafði mikil áhrif til hins verra. Sjóðurinn hafði brugðist við versnandi horfum framan af ári með mjög ákveðinni sölu á hlutabréfum í eigu sjóðsins, til að draga úr áhættu. Í stað þess fjárfesti sjóðurinn að miklu leyti í skuldabréfum, en bankahrunið gerði það að verkum að skuldabréf banka og fyrirtækja reyndust einnig mjög áhættusamur eignaflokkur.

Hafa verður í huga að skuldabréf á Íslandi hafa reynst traustar fjárfestingar, þar sem töp hafa verið sjaldgæf og ekki eru dæmi til að tjón hafi orðið við fjárfestingar í skuldabréfum banka á Íslandi fyrr en nú. Þótt stjórnendur sjóðsins hafi gert sér grein fyrir að í mikla erfiðleika stefndi í efnahagslífí íslendinga þá sáu menn ekki fyrir að allt íslenska bankakerfið myndi hrynda eins og spilaborg.

Betta hrun þurrkaði út alla ávöxtun Tryggingadeilda sjóðsins á árinu, en deildinni tókst þó að komast hjá því að tapa höfuðstóli. Nafnávöxtun deildarinnar var nálægt nálli eða jákvæð um 0,2%. Vegna mikillar verðbólgu var raunávöxtunin neikvæð um 13,9%.

En ljósið í myrkru er, að afkoma allra safna Séreignardeilda var góð á árinu. Skuldabréfæign safnanna var í ríkisskuldabréfum og þau voru ekki með gjaldeyrisvarnir, sem skýrir þann mun sem var á ávöxtun safna Séreignardeilda og Tryggingadeilda. Bankahrunið hafði því lítil sem engin áhrif á sparnaðarleiðir Séreignardeilda, nema þá til að bæta ávöxtun. Öll söfnin skiluðu góðri ávöxtun og séreign Stapa var í fremstu röð eins og verið hefur frá upphafi.

Ef frá eru taldar þær efnahagshamfarir sem dundu yfir á árinu 2008 var rekstur sjóðsins með hefðbundnum hætti. Sjóðurinn gekk á árinu frá samkomulagi við Starfsendurhæfingu Norðurlands um mat á starfshæfni og endurhæfingarárræði fyrir öryrkja. Litið er á þetta sem tilrauna verkefni til eins árs og er ætlunin að endurskoða samninginn eftir þann tíma. Verkefninu hefur verið afar vel tekið.

Sjóðurinn er einnig aðili að Starfsendurhæfingu Austurlands og Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra. Reiknað er með auknu samstarfi við þessa aðila á komandi árum.

Í síðasta kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins var samið um svokallaðan Starfsendurhæfingarsjóð sem starfar á landsvísu. Sjóðurinn, sem er sjálfseignarstofnun, hefur hafið starfsemi, en enn er lítil reynsla komin á þessa starfsemi.

Sjóðnum er ætlað að grípa inn í áður en til örorkuúrskurðar kemur. Mikilvægt er að náið samstarf takist með Starfsendurhæfingarsjóði og þeim svæðisbundnu starfsendurhæfingum sem starfa á starfssvæði Stapa lífeyrissjóðs.

Unnið hefur verið að gagngerri endurskoðun á öllu innra eftirliti sjóðsins að undanförnu. Sú vinna var vel á veg komin fyrir bankahrun, en þeir atburðir hafa einnig haft áhrif á þá vinnu. Sjóðnum var sett sérstök eftirlits- og hlítิงarskrá, þar sem áhætta í rekstri sjóðsins er skilgreind, ásamt viðeigandi eftirlitsaðgerðum. Sett var upp sérstakt eftirlitsskipulag þar sem allar eftirlitsaðgerðir eru tíundaðar og hver ber ábyrgð á þeim. Var þetta gert í samstarfi við innri endurskoðendur sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sjóðsins og gerði kannanir ársfjórðungslega á fjárfestingum hans þ.m.t. að hann uppfyllti skilyrði laga, reglna og eigin fjárfestingarstefnu. Þetta eftirlit hefur nú verið aukið og er nú á tveggja mánaða fresti.

Sjóðurinn hefur einnig sett sér eigin reglur í þessu efni og gerir nú reglulegar kannanir mánaðarlega og ársfjórðungslega eru nákvæmari skýrslur um þetta efni lagðar fyrir stjórn, svokallaðar hlítิงarskýrslur. Í þessum skýrslum er farið er yfir allar eignir sjóðsins og gengið úr skugga um að þær séu innan ramma laga, reglna og fjárfestingarstefnu.

Mánaðarlega eru lagðar fyrir stjórn upplýsingar úr rekstri sjóðsins í samræmi við reglur sjóðsins um upplýsingaggjöf til stjórnar. Unnar eru nákvæmari ávöxtunarskýrslur ársfjórðungslega um árangur sjóðsins í öllum eignaflokkum og samanburð við viðmið bæði hvað varðar árangur og áhættu. Þá sendir sjóðurinn Seðlabanka Íslands upplýsingar um fjárfestingar sínar og breytingar á verðmæti eigna mánaðarlega.

Skipurit sjóðsins var endurskoðað. Farið var yfir alla verkferla og starfslýsingar, þ.m.t. verkferla við fjárfestingar. Komið var á fót sérstóku fjárfestingarráði til að annast fjárfestingar fyrir sjóðinn og sérstóku fjárfestingarskipulagi sem tekur til allra eignaflokkka sem sjóðurinn fjárfestir í og skilgreinir ábyrgð starfsmanna.

Heimildir starfsmanna voru náhar skilgreindar í sérstökum erindisbréfum. Öryggisreglur hjá sjóðnum voru yfirfarnar, verklagsreglur um verðbréfaviðskipti endurskoðaðar og komið upp eignaskrám yfir persónulegar eignir starfsmanna, sem endurskoðandi hefur aðgang að.

Sjóðurinn setti sér reglur um varnir gegn peningaþvætti í samræmi við nýsett lög um það efni, settar voru reglur um meðferð vanskila og kvartana. Auk þess voru sjóðnum settar nýjar síðareglur. Þá verður skipuð sérstök endurskoðunarnefnd hjá sjóðnum eftir ársfundinn, sem ætlað er að fara náhar yfir uppgjör og endurskoðun sjóðsins á hverjum tíma í samstarfi við endurskoðendur.

Tryggingafræileg staða sjóðsins versnaði mjög eftir hrunið og fór úr jákvæðri stöðu upp á 2,2% í neikvæða stöðu upp á 6,9%. Sú staða er innan leyfilegra marka, þannig að hún kallar ekki á skerðingu á réttindum, en ljóst er að lítið má út af bregða til að sjóðurinn fari niður fyrir leyfileg mörk. Því er mikilvægt að fylgjast vel með þessari stöðu og draga úr áhættu í eignasafni sjóðsins, en að því hefur markvisst verið unnið.

Sjóðurinn hefur brugðist við efnahagshruninu með ýmsum hætti gangvart sjóðfélögum og launagreiðendum. Þannig hafa vextir af sjóðfélagalánum verið lækkaðir úr 5,7% í 4,2% í tveimur áföngum, til að léttu undir með sjóðfélögum og auka líkur á að þeir standi í skilum. Einnig lækkaði sjóðurinn tímabundið dráttarvexti á vanskílum launagreiðenda til að auðvelda þeim að standa í skilum. Slík lækkun dráttarvaxta var þó háð því að gert væri upp við sjóðinn. Hefur þessum aðgerðum verið vel tekið og haft mikil áhrif í þá veru að vanskil iðgjalda hafa ekki aukist að neinu marki, enn sem komið er.

Mikil gagnrýni hefur verið á rekstur lífeyrissjóða að undanförnu og víst er að slík gagnrýni á rétt á sér. Stjórn Stapa hefur leitast við að byggja upp varfærna fjárfestingarstefnu og gripið til aðgerða til að bregðast við þeim hamförum sem yfir okkur íslendinga hefur dunið að undanförnu. Það er hins vegar algjörlega óraunhæft að ætlast til að svo stóri sjóður komist hjá skakkaföllum þegar slíkir hlutir gerast.

Það hefur alltaf verið stefna sjóðsins að gæta aðhalds í rekstri og þess gætt að fjárfestingar séu byggðar á faglegum forsendum. Hefur sjóðurinn sett sér ítarlegar reglur um þessi efni til að skerpa enn frekar á þeim málum og vill með því auka gagnsæi í öllum fjárfestingum og rekstri sjóðsins.

Að lokum þakkaði Sigrún Björk framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á árinu. Sömu þakkar eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

#### Ársreikningur og tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri, Kári Arnór Kárason, kynnti ársreikning sjóðsins 2008. Hann fór yfir áritun endurskoðanda og gerði grein fyrir ársreikningnum. Helstu tölur í ársreikningi voru eftirfarandi: (í millj. króna)

	2008	2007
Iðgöld	4.996,7	5.468,7
Lífeyrir	(2.162,1)	(2.014,4)
Fjárfestingatekjur	1.057,0	4.818,8
Fjárfestingagjöld	(53,3)	(59,3)
Rekstrargjöld	(84,3)	(114,2)
Hækkun á hreinni eign	3.754,1	8.099,6
Hrein eign frá fyrra ári	<u>91.989,5</u>	<u>83.889,9</u>
Hrein eign í árslok	95.743,6	91.989,5
Fasteignir	70,4	96,1
Verðbréf með br. tekjum	30.528,2	48.663,7
Verðbréf með f. tekjum	40.877,3	40.117,7
Veðlán	1.220,8	1.237,1
Bankainnstæður	6.137,5	979,7
Kröfur	1.975,7	671,4
Aðrar eignir	20.635,5	347,1
Skuldir	<u>( 5.701,9 )</u>	<u>(123,4)</u>
Hrein eign í árslok	95.743,6	91.989,5

Kári fór yfir yfir þær breytingar sem orðið hafa á iðgjaldagreiðslum til sjóðsins en raunbreyting iðgjalda til tryggingadeildar lækkuðu um 820 milljónir króna frá fyrra ári. Hann sagði þetta vera í takt við áætlanir en miklar breytingar hafa orðið á iðgjaldagreiðslum við lok virkjanaframkvæmda á Austurlandi. Fram kom hjá Kára að lífeyrisþegum hefur fækkað milli ára sem rekja má til þeirrar breytinga sem gerðar hefðu verið á tekjuviðmiðun og þrátt fyrir að heildarlífeyrisgreiðslur tryggingadeildar væru að aukast um 155 milljónir þá væru þær að lækka um 167 milljónir króna á föstu verðlagi.

Hann fór yfir þá þróun sem varð á ávöxtun ársins 2008 og hvaða áhrif hrunið hafði á afkomu tryggingadeilda. Hann bar afkomu tryggingadeilda og séreignardeilda saman og skýrði þann mun sem var á afkomu deildanna sem rekja má til þess að séreignardeild fjárfesti ekki í skuldabréfum fyrirtækja og var ekki með gjaldeyrisvarnir. Hann fór yfir þróun heildarkostnaðar sjóðsins hann var 0,16% af heildareignum samanborið við 0,19% á árinu 2007 og væri lækkun á heildarkostnaði í samræmi við væntingar í kjölfar samruna Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands. Þá rakti hann þá breytingu sem varð á tryggingarfæðilegi stöðu en tryggingafræðileg afkoma var neikvæð um 16.744 milljónir króna. Tryggingarfæðileg staða sjóðsins var neikvæð í árslok um 12.906 milljónir króna eða um 6,9%. Hann greindi frá því að staðan væri innan leyfilegra marka og að ekki þyrfti að koma til skerðingar. Hann sagði að staðan væri erfið og mikilvægt að ávöxtun næstu ára tækist að brúa þessa neikvæðu stöðu en að öllu óbreyttu væri sjóðurinn búinn á sjötta áratug þessarar aldar.

Að ræðu Kára Arnórs lokinni kallaði fundarstjóri eftir fyrirspurnum. Agnes Einarsdóttir lagði fram spurningar í 15 liðum er snérú að ferðum forsvarsmanna sjóðsins, kjörum starfsmanna, ávöxtunarleiðum og fjárfestingum. Þá kom Þóðr Grétar Sveinsson með fyrirspurn um lækkun dráttarvaxta til handa launagreiðendum. Svörðuðu framkvæmdastjóri og formaður fyrirspurnum. Þá tók Guðmundur Ómar Guðmundsson til máls og vildi koma fram þökkum til stjórnenda sjóðsins fyrir árangurinn í mjög svo erfiðu árferði.

Að svo búnu var ársreikningur sjóðsins borinn fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða. Þá var gert kaffihlé.

#### Fjárfestingarstefna

Jóna Finndís Jónsdóttir, sjóðstjóri, fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hún fór í gegn um fjárfestingarmarkmið sjóðsins sem eru fjögur: i) Að ná að ávaxta sjóðinn þannig að hann standi undir skuldbindingum ii) Ná a.m.k. 5% árleg raunávöxtun að meðaltali á hverju 5 ára tímabili iii) Ná 1-2% ávöxtun umfram verðbréfagrunn (viðmiðunarvisítolu) að meðaltali árlega á hverju 5 ára tímabili iv) Ná a.m.k. 0,5-1% ávöxtun umfram meðalsjóðinn á hverju 5 ára tímabili.

Hún greindi frá því að sjóðurinn hefði náð þremur af fjórum markmiðum en sjóðurinn náiði ekki að 5% árlegri raunávöxtun að meðaltali s.l. 5 ár en 5 ára raunávöxtun sjóðsins var 3,7%.

Hún rakti m.a. samanburð við aðra sjóði og að Stapi hefði ávallt verið frekar varkár í fjárfestingum og því hefði hrunið haft mun minni áhrif en á aðra sjóði. Hún fór yfir þær breytingar sem gerðar hefðu verið á fjárfestingarstefnu sem miðuðu að því að draga úr áhættu vegna lakrar tryggingfræðilegrar stöðu. Hins vegar væru stórar áhættur í efnahag sjóðsins þ.e. enn væri ófrágengið uppgjör á gjaldmiðlaskiptasamningum við bankana, sjóðurinn gæti ekki varið gjaldeyrisstöðu sína og erfiðleikar steðjuðu áfram að íslensku efnahagslífi.

Pá fór Jóna Finndís yfir ávoxtun séreignar, en séreignin hefur skilað góðri ávoxtun frá stofnun safnsins árið 1999.

#### Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri kynnti breytingar á samþykktum sjóðsins sem lagðar höfðu verið fyrir fundarmenn. Hann sagði breytingarnar ekki hafa áhrif á stöðu sjóðsins. Fyrst og fremst væri um breytingar á samþykktum sem leiða af lögum, auk tveggja breytinga til að skýra frekar ákvæði samþykktanna. Þá var nafhabreyting á einu aðilarfélagi sjóðsins. Hann fór í gegn um einstakar breytingar og skýrði þær. Að lokinni yfirferð Kára bar fundarstjóri samþykktir sjóðsins í heild sinni með áðorðnum breytingum upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

#### Kosning stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir reglum um kjör stjórnar en skv. þeim eiga atvinnurekendur að kjósa einn stjórnarmann til tveggja ára á þessum ársfundi en stéttarfélög tvo. Samþykktir geri ráð fyrir að gert verði hlé á fundi meðan launþegar ráði ráðum sínum og var gert stutt kaffihlé.

Að kaffihléi loknu kynnti Áðalsteinn Árni Baldursson tilnefningu stjórnarmanna fyrir hönd launþega:

Aðalmaður: Björn Snæbjörnsson Til vara: Guðmundur Ómar Guðmundsson

Aðalmaður: Sigurður Hólm Freysson Til vara: Þorkell Kolbeins

Þá greindi Sigrún Björk Jakobsdóttir frá kjöri launþega:

Aðalmaður: Guðrún Ingólfssdóttir Til vara: Gunnþór Ingason

#### Kosning endurskoðanda

Lögð var fram tillaga um PricewaterhouseCoopers ehf. Akureyri, Davíð Búa Halldórsson, og var tillagan samþykkt samhljóða.

#### Laun stjórnar

Lögð var fram tillaga um 10% lækkun stjórnarluna frá fyrra ári. Stjórnarlun verði 45 þúsund krónur á mánuði, formaður stjórnar fær tvöfalta þá upphæð og varamaður fær 22.500 þúsund krónur fyrir setinn fund. Agnes Einarsdóttir sagðist ósátt við stjórnarluna og taði þau of há. Ekki kom fram fleiri athugsemdir og var tillagan samþykkt með þorrra greiddra atkvæða.

#### Önnur mál

Nokkrir töku til móls undir þessum lið. Jón Guðmundsson og Björn Grétar Steinsson komu með fyrirspurnir m.a. um fjárfestingar og fjárfestingarstefnur lífeyrissjóða svo og um opinberar framkvæmdir með aðkomu lífeyrissjóða o.fl. Svöruðu framkvæmdastjóri og formaður fyrirspurnum.

Jóna Finndís kynnti nýja heimasíðu sjóðsins sem var tekin í notkun á ársfundardegi.

Ásgerður fundarstjóri bar upp tillögu um að henni ásamt fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og var það samþykkt.

Sigrún Björk formaður þakkaði að því loknu fundarmönnum góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Að svo búnu sleit hún fundi kl. 17:15,

  
Fundarstjóri:  
Ásgerður Pálsdóttir

  
Fundarritari:  
Guðmundur Baldvin Guðmundsson